

Að hjálpa barninu að hegða sér vel

foreldrar að koma sér saman um og útskýra síðan vel og vandlega fyrir barninu eða unglingnum.

Ólíkir foreldrar – mismunandi kröfur

Fjölskyldur í nútímasamfélagi eru ólíkar og gera mismunandi kröfur til hegðunar barna. Foreldrar setja til dæmis mismunandi reglur um útvistartíma og það getur valdið óánægju hjá þeim sem þurfa að lúta strangari reglum en jafnaldrarnir.

Þegar börn og foreldrar eru ósammála um reglurnar geta hreinskiptin skoðanaskipti hjálpað þeim að skilja hvert annað. Foreldrar bera engu að síður ábyrgð á því að setja fjölskyldunni reglur og gildi og fylgja þeim eftir í uppeldinu. Einu má gilda þótt börn séu jafnvel mestan hluta dagsins í umsjón annarra fullorðinna eða í félagskapp jafnaldra sinna.

Sjálfsstjórn kemur ekki af sjálfu sér

Auðveldara er að koma í veg fyrir óæskilega hegðun í upphafi en að hindra að hún endurtaki sig. Þannig er betra að setja brothætta eða verðmæta hluti utan seilingar smábarna en að refsa þeim fyrir að skemma þá. Foreldrar ættu að hvetja börn til rannsókna og forvitni en æskilegt er að þeina slíku að þúsluspilum og þrautum. Ýmiss konar listskópun eða lestri.



Að hjálpa barni að hegða sér vel er nauðsynlegur hluti af uppeldi sem miðar að því að gera barnið hæft til þess að lifa í sátt við þær samskiptareglur sem ríkja í samfélaginu. Agi er mismunandi eftir aldurskeiðum. Engin ein aðferð við uppeldi er rétt en benda má á eftirfarandi til leiðbeiningar:

Börn vilja yfirleitt gera foreldrum sínum til hæfis. Skynsamir foreldrar geta notað þessa þörf barnanna til að veita þeim agað uppeldi. Liður í því er að bregðast alltaf við óviðunandi hegðun frá unga aldri. Þannig lærist barninu hvað er leyfilegt og hvað ekki.

Þegar foreldrar hrósa barni fyrir ákveðna hegðun sem er þeim að skapi hvetur það barnið til að hegða sér vel. Þannig er líklegra að þeir nái árangri þegar barnið eldist.

Ekki sama hvernig vandað er um

Sú aðferð sem foreldrar nota til að bæta hegðun barnsins verður að vera því skiljanleg. Hún má ekki vera svo ströng að barninu finnst hún ósanngjörn eða niðurlægjandi. Þvert á móti þarf það að skilja að umvöndunin var fyrst og fremst sprottin af ást og velvilja.

Börn og unglingar geta rétt foreldra sína til reiði og gera það gjarnan. Þá reynir á sjálfsstjórn foreldranna. Hávært nei á til dæmis við þegar barn stefnir einbeitt út í umferðina. En það sefar ekki grátandi ungabarn. Eldri börn þurfa að fá skýr skilaboð um til hvers er ætlast af þeim. Það ættu báðir



Að breyta óæskilegri hegðun barna getur hjálpað þeim að öðlast þá sjálfsstjórn sem þarf til að þau geti orðið ábyrgir og tillitssamir einstaklingar.

Sjálfsstjórn kemur ekki af sjálfu sér. Börn þarfnast handleiðslu og stuðnings foreldra til að tileinka sér hana. Yfirleitt koma fyrstu merki um sjálfsstjórn í ljós um sex ára aldur. Undir handleiðslu foreldranna eykst sjálfsstjórnin á skólaárunum. Það er mörgum unglingum vissulega eðlilegt að ögra og gera uppsteyt en flestir unglingar vaxa upp úr því og verða ábyrgir, fullorðnir einstaklingar – einkum ef þeir hafa hlotið góða leiðsögn frá upphafi.

Foreldrar og fagfólk geta aðstoðað

Þegar agavandamál skjóta ítrekað upp kollinum getur verið gott að leita til aðila utan fjölskyldunnar um ráð og tillögur. Það getur til dæmis verið gagnlegt að bera vandann undir aðra foreldra sem ef til vill hafa þurft að bregðast við sams konar aðstæðum.

Fagfólk í barnauppeldi og hegðun getur einnig veitt upplýsingar um það hvernig börn hugsa og þroskast og ráðlagt um hvernig æskilegt er að bregðast við. Með þolinmæði foreldra og hjálp áhugasamra fagmanna, þegar það á við, er hægt að auðvelda börnum að læra og njóta þess að uppfylla kröfur samfélagsins og sínar eigin.

Sjálfbóðið Rauða kross starf í Reykjavík

Við erum aldrei of mörg þegar á reynir

Reykjavíkureið Rauða kross Íslands starfar í anda grundvallarmarkmiða alþjóðahreyfingar Rauða krossins. Sjálfbóðaliðar deildarinnar vinna margvíslegt mannúðarstarf í borginni. En verkefnið eru mörg og deildin hefur alltaf þörf fyrir fleiri vinnufúsar hendur.

Kvinnadeildin. Sjálfbóðaliðar Kvinnadeildarinnar veita margs konar aðstoð og þjónustu á sjúkrahúsum, Sjúkrahótel Rauða kross Íslands og í heimahúsum.

Neyðarvarnir. Fjöldi þjálfara sjálfbóðaliða deildarinnar er reiðubúinn að leggja fram krafta sína ef til neyðarástans kemur vegna náttúruhamfara eða af öðrum ástæðum.

Ungmennastarf. Ungt fólk gegnir mikilvægu hlutverki í starfi Rauða krossins. Sjálfbóðaliðar ungmennadeildarinnar vinna að forvarnastarfi, skyndihjálp, alþjóðastarfi og ýmsum átaksverkefnum í þágu barna og unglínga.

Vinalínan. Símaþjónusta fyrir fólk á öllum aldri sem þarf einhvern til að deila með gleði og sorg. Sjálfbóðaliðar Vinalínunnar eru venjulegt fólk sem gefur sér tíma til þess að hlusta og gerir sitt besta til þess að liðsinna þeim sem hringja. Vinalínan er opin öll kvöld – síminn er 561 6464.

Börn og ungmenni í vanda. Deildin tekur þátt í rekstri Rauðakrosshússins, neyðarathvarfs fyrir börn og unglínga, vinnur að forvörnum gegn notkun vímuefna og stendur ásamt öðrum að fjölskyldumiðstöð vegna barna í vanda.

Sjálfbóðamiðlunin
Hverfisgötu 105, sími 551 8800
netfang: sjalfbodamidlun@deild.redcross.is

 **Reykjavíkureið**
Rauða kross Íslands

Skrifstofa Fákafeni 11, 108 Reykjavík
sími 568 8188 – fax 568 8210
netfang: reykjavik@deild.redcross.is
www.redcross.is/reykjavik

Samvinna skilar árangri

Þessi bæklingur er unninn í samvinnu við SAMFOK.



SAMFOK er samband foreldrafélaga og foreldraráða í skólum Reykjavíkur á grunnskólastigi. Markmið SAMFOK eru meðal annars að beita sér fyrir auknum áhrifum foreldra á skólastarf og standa vörð um réttindi barna til menntunar og þroska. Forvarnastarf þarf að hefjast strax í fyrsta bekk grunnskóla með öflugum og góðu bekkjarstarfi þar sem foreldrar, nemendur og kennari eru virkir þátttakendur. Hlutverk SAMFOK er meðal annars að styrkja foreldra til að takast á við þetta hlutverk og beita sér fyrir auknu samstarfi foreldra og skóla. Þessi bæklingur er hluti af verkefni Forvarnarykill SAMFOK.

Parftu aðstoð og góð ráð?

SAMFOK
Laugavegur 7, Mannhæðin
sími 562 7720, bréfasími 552 2721
netfang: samfok@samfok.is
www.samfok.is

Fjölskyldumiðstöð
Heilsuverndarstöðinni v/Barónsstíg 47
sími 511 1599
netfang: fjolskyldumidstod@barnivanda.is
www.barnivanda.is

Vímulus æska – foreldrahúsið
Foreldrasíminn opin allan sólarhringinn – 581 1799
netfang: vimulus@mmedia.is

Guðrún Guðjónsdóttir/Þingeyingastofa/Skipulagning/efl/Ársmótgætt



Agi

þáttur í góðu uppeldi barna og unglínga

Útgefandi: Reykjavíkureið Rauða kross Íslands
Unnið upp úr bæklingunum Facts for families, með góðfúslegu leyfi American Academy of Child & Adolescent Psychiatry – www.aacap.org